

Fimmtudaginn 11. febrúar 1993.

Nr. 423/1992. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Rúnari Geir Gunnarssyni og
Ingvari Björgvin Hilmarssyni
(Örn Clausen hrl.).

Þjófnaður. Refsiákvörðun. Skilorð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. nóvember 1992 að ósk ákærðu til endurskoðunar á ákvörðun viðurlaga. Meðákærðu, X og Y, hafa ákveðið að una dómi héraðsdóms.

Í héraðsdómi er réttilega frá því greint, að með broti því, sem fjallað er um í máli þessu, rufu báðir ákærðu skilorð dóms 25. nóvember 1991. Ber samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að ákveða refsingu hvors hinna ákærðu í einu lagi fyrir brot þeirra í því máli og því, er hér um ræðir. Dómur 20. desember 1991 var eigi birtur fyrir ákærða Rúnari Geir fyrr en 26. maí 1992, eftir að brot það, er hér um ræðir, var framið. Ber að ákveða honum refsingu fyrir brot í máli þessu með tilvísun til 78. gr. almennra hegningarlaga. Rétt þykir þó að staðfesta refsíákvörðun héraðsdóms, að því er ákærðu varðar. Ákærðu hafa ekki áður gerst sekir um auðgunarbrot, og þeir eru enn ungir að árum. Rétt er því með hliðsjón af málavöxtum að fresta fullnustu refsingar þeirra, og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi þeir almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Dæma ber ákærðu til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður að öðru leyti en því, að fullnustu refsingar ákærðu, Rúnars Geirs Gunnars-

sonar og Ingvars Björgvins Hilmarssonar, er frestað, og skal hún falla niður að liðnum tveimur árum frá birtingu dóms þessa, haldi þeir almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu greiði óskipt áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 30.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 30.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 29. október 1992.

Ár 1992, fimmtudaginn 29. október, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem haldið er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Ingibjörgu Benediktsdóttur héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 135/1992: Ákærvaldið gegn X, Rúnari Geir Gunnarssyni, Y og Ingvari Björgvin Hilmarssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 7. október sl., gegn ákærðu, X [...], Rúnari Geir Gunnarssyni, Nesbala 46, fæddum 13. október 1973, fæðingarnúmer 397, Y [...], öllum til heimilis á Sel-tjarnarnesi, og Ingvari Björgvin Hilmarssyni, Langholtiavegi 10, Reykjavík, fæddum 3. júlí 1973, fæðingarnúmer 357, „fyrir þjófnað með því að hafa aðfaranótt föstudagsins 27. mars 1992 brotist í félagi inn í söluturn við Hagamel 67, Reykjavík, og stolið 99 vindlingapökkum, 5 langlokum, sælgæti og 3 pilsnerdósum.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar“.

Málavöxtum er rétt lýst í ákæru.

Með skýlausri játningu ákærðu telst sannað, að þeir hafi gerst sekir um það brot, sem þeim er að sök gefið í ákæru og þar er réttilega fært til refsíákvæða.

Sakaferill ákærðu.

— — —

Ákærða Rúnars Geirs:

Hinn 21. mars 1991 gekkst hann undir dómsátt vegna ölvunar við akstur. Þá hlaut hann tvo refsídóma á árinu 1991, hinn fyrri 25. nóvember, 45 daga varðhald, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, en hinn síðari 20. desember, 30 daga varðhald,

skilorðsbundið í tvö ár, auk ökuleyfisviptingar og 45.000 kr. sektar, fyrir nytjastuld og ölvun og réttindaleyfi við akstur.

— — —

Ákærða Ingvars Björgvins:

Frá árinu 1989 hefur hann gengist undir sjö dómsáttir, þar af fimm fyrir umferðarlagabrot, en tvær fyrir áfengislagabrot. Þá var ákæru frestað skilorðsbundið í tvö ár á hendur honum árið 1990 vegna eignaspjalla og nytjastuldar. Hinn 25. nóvember sl. var hann dæmdur í 45 daga varðhald, skilorðsbundið í þrjú ár, fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

Viðurlög.

— — —

Með broti því, sem fjallað er um í dómi þessum, hefur ákærði Rúnar Geir rofið skilorð dómanna frá 25. nóvember og 20. desember sl., en dómara í síðara málinu hefur bersýnilega ekki verið kunnugt um fyrri dóminn og því ekki dæmt hann með dómi sínum. Ber nú skv. 60. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að dæma ákærða í einu lagi fyrir brot þau, sem fjallað var um í ofangreindum dómum, og það brot, sem hér er til meðferðar. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin þriggja mánaða fangelsi.

— — —

Með broti því, sem fjallað er um í dómi þessum, hefur ákærði Ingvar Björgvin rofið skilorð dómsins frá 25. nóvember sl. Ber því nú skv. 60. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 7. gr. laga nr. 22/1955, að dæma ákærða í einu lagi fyrir brot það, sem fjallað var um í ofangreindum dómi, og það brot, sem hér er til meðferðar. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin tveggja mánaða fangelsi.

Þá eru ákærðu dæmdir til að greiða allan sakarkostnað óskipt.

D ó m s o r ð:

Ákærði X sæti 45 daga fangelsi.

Ákærði Rúnar Geir Gunnarsson sæti þriggja mánaða fangelsi.

Ákærði Y sæti 30 daga fangelsi.

Ákærði Ingvar Björgvin Hilmarsson sæti tveggja mánaða fangelsi.

Fresta skal fullnustu refsingar ákærðu X og Y, og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærðu hvor um sig almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærðu greiði óskipt allan sakarkostnað.